KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS
KKÍ · Icelandic Basketball Association

KKÍ
Laugardalur Sport Center
Engjavegur 6, 2nd floor
104 Reykjavík, Iceland
+354 514-4100
kki@kki.is

# 1. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2025 - 2027

**Miðvikudagur 19. mars 2025 kl. 16:00**

Mætt til fundar: Kristinn Albertsson formaður sem stýrir fundi, Guðrún Kristmundsdóttir (GK), Herbert Arnarson (HA), Einar Hannesson (EH), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK), Ágúst Angantýsson (ÁA), Hugi Halldórsson (HH), Margrét Kara Sturludóttir (MKS) og Sigríður Sigurðarsdóttir (SS)

Jón Bendur (JB) í fjarfundarbúnaði

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn og ritaði fundargerð

---

1. **Ný stjórn tekin við**

   KA bauð nýja stjórn sambandsins velkomna til starfa og til þessa fyrsta fundar. KA ræddi hugmyndir að verkaskiptingu og hugsanlega breyttu hlutverki nokkurra nefnda. Góðar umræður, verður rætt áfram og ákveðið á næsta fundi.

2. **Afreks-og landsliðsmál**

   HA og HSJ fóru yfir vinnu varðandi ráðningu á nýjum landsliðsþjálfara fyrir kvennalandsliðið. Góðar umræður, stjórn sammála að fara þá leið sem rædd var og HSJ falið að klára málið með afreksstjóra.

3. **Þingsályktanir frá Körfuknattleiksþingi 15. mars.**

   Tíu þingsályktunum frá Körfuknattleiksþingi sem fram fór síðasta laugardag á Grand Hótel var vísað til stjórnar til frekari úrvinnslu og ákvörðunnar.

   Þrjár þingslályktanir voru ræddar á fundinum, verða hinar teknar fyrir á næsta fundi stjórnar.

   Ályktun er varðar Bónus deild kvenna og 1.d.kvenna, umræður og vísað til mótanefndar til frekari umræðu.

   Ályktun er varðar fjölda liða og leikja í 1.d.karla, umræður og vísað til mótanefndar til frekari umræðu.

   Ályktun er varðar fjölda erlendra leikmanna inná vellinum hverju sinni, umræður og fimm manna nefnd stjórnar mun vinna málið áfram. Þau skila stöðuskýrslu á næsta fundi stjórnar.

## 4. Önnur mál/til upplýsinga

Fundi slitið kl.17:25

Næsti fundur stjórnar mánudaginn 7. apríl kl.17:00